

sprungunnar er þannig, að hún mun ekki hafa sézt, nema hreyfillinn væri tekinn sundur. Eftirlitsmenn þeir, er vélina skoðuðu eftir að stefndu keyptu hana, virðast ekki hafa tekið hreyfilinn sundur, og var þess því eigi að vænta, að þeir yrðu sprungunnar varir. Þegar framanritað er virt, verður að telja nægileg rök fram komin fyrir því, að margnefnd sprunga hafi verið í hreyflinum, er stefndi seldi flugvélina. Verður að meta þennan galla svo verulegan, að stefnda beri að bæta stefnendum tjón það, er þeir hafa beðið hans vegna. Stefndi hefur út af fyrir sig ekki andmælt fjárhæð dómkröfu stefnenda og verður hún því tekin til greina, eins og hún var lögð fyrir við fyrri munnlegan flutning málsins, enda hafa stefnendur ekki stefnt að nýju fyrir þeim hluta kröfunnar, er þeir féllu þá frá, né fengið samþykki stefnda til að koma honum að í málinu án stefnu. Ber stefnda því að greiða stefnendum kr. 5747.02 með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 850.00.

Dóm þenna kváðu upp Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Gunnar Jónasson og Axel Kristjánsson, forstjórar, en uppsaga hans hefur dregizt umfram venju vegna anna dómenda.

Dómsorð:

Stefndi, Steindór Hjaltalín, greiði stefnendum, Sveini Ólafssyni og Sverri Jónssyni, kr. 5747.02 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1948 til greiðsludags og kr. 850.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. maí 1953.

Nr. 45/1953. **Ákærvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Josef Hendrieck Delbol (Gústaf A. Sveinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson bæjarfógeti og samdómsmenirnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á staðará-

kvörðunum varðsupsins og m. a. markað á sjóupprátt stað dufls þess, sem sett var út hjá togara ákærða kl. 19.20 hinn 2. marz s.l. Staðfestir skólastjórinn þá niðurstöðu yfirmanna varðsupsins, að staður þessi sé samkvæmt mælingum þeirra 1 sm. innan landhelgislínu. Er því sannað, að ákærði hefur verið að veiðum í landhelgi með botnvörpu, og varðar brot hans við lagaákvæði þau, sem í héraðsdómi greinir. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af gullgengi krónunnar, sem ekki hefur breytt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 2 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og sakarkostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Josef Hendriech Delbol, greiði 10000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 2 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 4. marz 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrr í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Josef Hendriech Delbol, skipstjóra á belgíska botnvörpuskipinu Marie Jose Rosette, O 285 frá Ostende, með ákæruskjali, útgefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum í dag. Er málið höfðað fyrir brot á 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpu-

veiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82 8. des. 1952 um breytingar á þeim lögum, til refsingar, upptöku ólöglegs afla og veiðarfæra samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og er jafnframt krafizt, að ákærði verði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

Ákærði, Josef Hendriech Delbol, er fæddur 16. marz 1916 og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt neinum kærnum eða refsingum hér á landi.

Málavextir eru þeir, er hér segir, samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi, framburði ákærða og öðru, er fram kom við rannsókn málsins:

Mánudaginn 2. marz 1953 var varðskipið Ægir við varðgæzlu og nálgast Ingólfshöfða á vesturleið. Kl. 18.53 sást skip grunsamlega nærri landi út af Ingólfshöfða og var haldið að því með fullri ferð. Kl. 19.06 sást rauða hliðarljósker skipsins og sást greinilega, að skipið stefndi út frá landi. Kl. 19.15 var varðskipið komið það nærri skipinu, að það gat lýst á það með kastljósi og reyndist skipið vera b/v Marie Jose Rosette, O 285 frá Ostende og var það að toga með stjórnborðsvörpu í sjó.

Kl. 19.16 og 19.17 var skotið tveimur púðurskotum og kl. 19.20 stöðvaði togarinn og byrjaði að draga inn vörpu sína. Setti varðskipið út dufl, rétt vestan við togarann, og var bátur sendur út í hann og voru í honum 3. stýrimaður og 1 háseti, er settir voru um borð í togarann. Veðrið var A 7—8, sjór 4—5 og slydda. Ekki var hægt að taka skipstjóra togarans um borð í varðskipið um kvöldið vegna veðurs og ekki hægt að gera hornamælingar sökum dimmviðris. Ratsjá varðskipsins var athuguð, og sýndi hún fjarlægð frá Ingólfshöfða 3,3 sjómílur, en dýptarmælir varðskipsins sýndi 62 metra dýpi. Andæfði varðskipið við duflið um nóttina, og athuguðu stýrimenn þeir, sem á verði voru, ratsjána við duflið við og við um nóttina og reyndist fjarlægðin frá Ingólfshöfða ávallt vera hin sama, 3,3 sjómílur. Morguninn eftir, þriðjudaginn 3. marz kl. 07.05, gerði skipherra varðskipsins ásamt 1. og 2. stýrimanni þess eftirfarandi staðarákvörðun við duflið:

Ingólfshöfði

> 37° 13'

Salthöfði

> 28° 08'

S-endi Breiðamerkurfjalls

> 16° 56'

S-endi Fellsfjalls

Dýpi 62 metrar. Ratsjá 3,3 sjómílur, fjarlægð frá Ingólfshöfða. Gefur þetta stað duflsins um 1,0 sjómílu innan landhelgislinunnar, eins og hún er ákveðin samkvæmt reglugerð nr. 21 19. marz 1952. Skyggni var gott, meðan mælingar fóru fram að öðru leyti en því, að fjallstindar sást ekki.

Skipstjóri togarans, ákærði í máli þessu, var nú fluttur um borð í varðskipið og honum sýnt það á sjókorti, hvar hann hefði verið stöðvaður kvöldið áður. Kvaðst hann ekki hafa séð til miða kvöldið áður

vegna dimmviðris. Var honum boðið að gera staðarákvörðun við duflið, en ekki óskaði hann eftir því né að skoða í ratsjána og kvaðst ekki þekkja til slíkra tækja.

Skýrslu skipherrans á Ægi hefur hann staðfest fyrir dóminum og enn fremur hafa 1. og 2. stýrimaður varðsupsins staðfest skýrslu skipherrans.

Ákærði hefur fyrir dóminum viðurkennt skýrslu skipherrans á Ægi og að togari hans hafi stöðvað, þar sem duflið var sett út og rengir ekki staðarákvörðun varðsupsmanna. Hann hefur lagt fram í dóminum skýrslu, þar sem hann skýrir frá því, að hann hafi verið að veiðum út af Ingólfshöfða þetta kvöld og kveðst ekki hafa séð til lands vegna dimmviðris. Segir ákærði, að snögglega hafi þá rofað til og hafi hann allt í einu séð vitann á Ingólfshöfða bera við hátt uppi gegnum snjóþykknið. Hafi hann þá verið hræddur um að vera kominn inn fyrir landhelgislinuna og sneri því skipi sínu þegar í stað í áttina SA að S. Framburður ákærða um það, hve lengi hann hafi togað í þessa átt, er nokkuð á reiki. Kvaðst hann í skýrslu sinni hafa séð Ingólfshöfðavitann kl. 8 e. h. og að skot varðsupsins hafi hann heyrt kl. 9 og eftir því togað um 1 klukkustund í þessa átt, en síðan hefur hann tekið þetta aftur fyrir dóminum og ekki talið sig hafa togað meira en 10—15 mínútur áður en hann stöðvaði, frá því að hann sneri skipinu.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu liðu 14 mínútur frá því að rauða hliðarljós togarans sást, þar til hann stöðvaði, og hefur ákærði viðurkennt fyrir dóminum, að það kynni að vera rétt, að hann hefði togað svo lengi í þessa átt, áður en hann stöðvaði.

Samkvæmt framburði ákærða hér fyrir dóminum gengur skip hans um 3 mílur, miðað við klukkustund, meðan togað er, og með því að hann hefur togað frá landi í 14 mínútur, þegar hann stöðvaði þar sem duflið er, hefur hann verið 0,7 sjómílu nær landi en duflið segir til og því mun meira innan landhelgislinunnar en eina sjómílu.

Ákærði hefur viðurkennt í dóminum að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi, eins og að framan getur, en telur það eingöngu hafa verið vegna þess, að hann sá ekki til miða.

Það verður að telja fullsannað með eigin játningu ákærða og framburði skipherra og tveggja stýrimanna varðsupsins Ægis, að ákærði hafi að kvöldi dags hinn 2. marz 1953 verið að veiðum innan landhelgi á skipi sínu Marie Jose Rosette, O 285, frá Ostende og hefur hann því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 1920, sbr. lög nr. 82 8. des. 1952, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 frá 1951. Samkvæmt mælibréfi botnvörpusupsins Marie Jose Rosette, sem sýnt var í dóminum, er skipið 168,13 brúttórúmllestir að stærð, og samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands er gullgengi íslenskrar krónu þannig í dag, að 100 gullkrónur jafngilda 738,95 seðlakrónum.

Með tilliti til þess, að ákærði hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir brot á landhelgislöggjöfinni og með skírskotun til 3. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr.

5 frá 1951, þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin kr. 7500.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem eru um borð í b/v Marie Jose Rosette, O 285, skal upptækur ger og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Josef Hendriech Delbol, greiði 7500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald í 2 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í b/v Marie Jose Rosette, O 285, er gerður upptækur og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. maí 1953.

Nr. 115/1952. **Jón Erlendsson** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Aron Guðbrandssyni (sjálfur)

og gagnsök

og

Guðfinna Finnsdóttir og

Guðrún og Unnur Erlendsdætur

(Jón N. Sigurðsson)

gegn

Aron Guðbrandssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun frá héraðsdómi. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp þeir Kristinn Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og samdómendurnir Björn Konráðsson og Jóhann Jónasson.

Aðaláfrýjandi, Jón Erlendsson, sem hefur skotið máli þessu